

Aðalfundur Vatnsveitu Vatnsenda ehf. 05.05.2011.

Haldinn í félagsheimili Sjálfstæðismanna á Seltjarnanesi kl. 20:30
Fundaritari var Gréta Björk Jóhannesdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnarformanns um starfsemi s.l. ár. Skýrsluna las Karl Sigurðsson.

Fram kom m.a. í skýrslunni að reksturinn gekk vel. Lítilsháttar bilanir. Bústaðaeigendur þurfa að huga vel að krönum við heimæðarnar. Kom fram að kraninn er bústaðamegin. Síðast liðið vor var kynnt áætlun um virkjun nýrrar holu sem félagið á. Ekkert hefur orðið af virkjun hennar þrátt fyrir áform þar um. Ekki fékkst verkleg heimild frá skipulagsyfirdum Skorradalshrepps. Holan er vel inn á svæði Vatnsenda en Byggingafulltrúi setti það skilyrði að Isor (áður Orkustofnun) legði fram skýrslu um svokallað fjarsvæði og grannsvæði vatnsöflunar. Í raun eru það teikningar og skýrslur um það hvaðan vatnið er upprunnið, sem rennur neðanjarðar að holunni og hvaða svæði það er í nágrenni við holurnar sem flokkast undir grannsvæði þeirra. Skv. skýrslu Isor er grannsvæðið okkar svæði sem nær nokkra hektara inn á landsvæði Grundar og einkum þó Mófellsstaða. Þarf að ná samkomulagi við landeigendur um að lýsa megi grannsvæðið sem nokkurskonar vernduðu svæði, sem hefur í för með sér ákveðnar hömlur á landnýtingu þeirra meðan vatnsöflun á þessu svæði á sér stað. Þörf á frekari samninggerð við landeiganda Vatnsenda en það er ekki vandamál.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina sé 1,7 milljón króna:

Gröfuvinna	200.000
Raflögn	450.000
Rör	250.000
Rafmagnsstýribúnaður	350.000
Vinna við tengingar o.fl.	450.000
Samtals	1.700.000

Á aðalfundi 2009 samþykkti fundurinn heimild til stjórnar Vatnsveitunnar að hefja viðræður við Félag Sumarhúsaæigenda í Hvammi. Sú heimild var ítrekuð á fundi 2010. Til upprifjunar var ákv. að selja félaginu í Hvammi vatn þegar virkjun nýju holunnar okkar lægi fyrir. Enginn frekari kostnaður átti að hljóta af þessu og umframgeta okkar til vatnsöflunar veruleg umfram þörf. Kominn er nýr eigandi að Hvammi sem hyggst selja fleiri lóðir (talað um 40 lóðir í fyrra) en félagið í Hvammi hefur enn áhuga á vatnskaupum.

Stjórn Vatnsveitunnar leggur til að framkvæmdum verði frestað um að minnsta kosti eitt ár. Vara dæla er til staðar ef um bilun verður að ræða en ekki eru miklar líkur á að holan sjálf verði fyrir skemmdum. Farið verður í að finna lausn á hvernig koma á boðum um bilun í dælum og stýribúnaði tanka auk uppsetningar á rafmagnsmælum fyrir sama búnað. Kostnaður fyrir þetta hvorutveggja er áætlaður í rekstraráætlun fyrir næsta ár.

Stjórn félagsins er nú með í undirbúningi að semja við ábúanda Vatnsenda þau Sigvalda Jónsson og Björgu Þórsdóttur um eftirlit með vatnsveitunni. Á það við um margskonar snúninga og þjónustu við leigjendur vegna vatnsins auk eftirlits með miðlunartönkum, rafmagni og dælum. Þóknun nemur 150.000 ári sem greitt er í tvennu lagi, í janúar og október.

2. Ársreikningar fyrir árið 2010. Karl kynnti ársreikningana.

Tekjur ársins námu 2,7 milljónum. Þ.a. voru 1,3 vegna tekjufærðs stofnkostnaðar að 1/10 hluta, eins og vant er. Hagnaður ársins nam 505þús. Eignir námu 6,6 milljónum, eigið fé 2,2 milljónum.

3. Ársreikningar bornir upp til samþykktar.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

4. Þóknun stjórnarmanna.

Eins og undanfarið er hún engin.

5. Stjórnarkosning.

Tillaga um stjórn:

Haukur Engilbertsson, Vilhjálmur Þorláksson og Kjartan Jónsson.
Til vara. Valgeir Hallvarðsson og Karl Sigurðsson.
Þessi tillaga var samþykkt án mótframboða.

6. Kjör endurskoðanda fyrir 2011.

Tillaga um Jón Arnar Baldurs og var hún samþykkt.

7. Önnur mál.

Fyrirspurn kom frá Ragnari Árnasyni um skattlagningu hagnaðar af rekstri Vatnsveitunnar. Upplýsti Karl að ekki væri markmið að innheimta svo að sjóðir mynduðust en of mikil innheimta leiðir til hagnaðar.

Aðalfundi slitið kl. 22.25

Gréta Björk Jóhannesdóttir.